

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 30. ágúst 2024
Málsnúmer: 202408-0026
IAS

Efni: Umsókn um leyfi til drónaflugs innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár

Vísað er í tölvubréf frá Umhverfisstofnun, dags. 16. ágúst 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna umsóknar Aavee fotografíe um leyfi til drónaflugs innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár.

Í umsókninni kemur fram að til standi að fljúga yfir tvö skilgreind svæði við Mývatn á tímabilinu 14. til 16. september 2024 og eru flugleiðirnar sýndar á korti sem fylgir umsókninni.

Um drónaflug á svæðinu gilda ekki skýrar reglur og er mikilvægt að bætt verði úr því, t.d. í stjórnunar- og verndaráætlun verndarsvæðisins. Líta mætti til hvaða reglur gilda um drónaflug á friðlýstum svæðum erlendis í því sambandi.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er óskynsamlegt að veita leyfi fyrir drónaflugi innan verndarsvæðisins á tíma þegar fuglalíf er mjög viðkvæmt, þá einkum á varp- og fellitíma fugla. Umrædd tímasetning, 14.-16. september er utan þess tíma en þess ber að geta að vatnafuglar eru við Mývatn allt árið um kring.

Náttúrufræðistofnun leggst ekki gegn því að leyfið verði veitt sé þess gætt að valda ekki truflun á fuglalífi og að aðrir gestir verði ekki fyrir ónæði.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson,
jarðfræðingur

